

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999

9.5.2006



Glasurit Epoxy VOC Hardener

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **Glasurit Epoxy VOC Hardener**

Notkun: Til bílamálunar

Vörunr. framleiðanda: **SC65-0560 0101**

Vörunr. BN: **586 SC65-0560 0101**

Dreifing: **Bílaust hf. Bildshöfða 9, 110 Rvk.**

Sími: **535 9000**

Framleiðandi: BASF Coatings AG. Postfach 6123

48136 Muenster. Germany.

Neyðarsími framleiðanda: 00 49 2501 143227

Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: **112**

Upplýsingamiðstöð v/eitrunar, Landsspítala í Fossvogi,

Rvk. Sími 543 2222

Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörðun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlíðarþúnaður
9. Efnæiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
14. Flutningur
15. Lög og reglur
16. Annað

2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald. (Samkv. 67/548/EEC)

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur (%).	Hættufl.	Hættusetningar (H)
1330-20-7	215-535-7	Xýlen (blanda ísómera)	>25,0-50,0	Xn	10-20/21-38
100-41-4	202-849-4	etýlbensen	>2,5-10,0	F, Xn	11-20
103-65-1	203-132-9	n-propýlbensen	>0,1-1,0	N, Xn	10-37-51/53-65
108-67-8	203-604-4	mesítýlen	>0,1-1,0	N, Xi	10-37-51/53
95-63-6	202-436-9	1,2,4-trimetýlbensen	>0,1-1,0	N, Xn	10-20-36/37/38-51/53
71-36-3	200-751-6	n-bútanól	>2,5-10,0	Xn	10-22-37/38-41-67
78-83-1	201-148-0	ísóbútanól	>2,5-10,0	Xi	10-37/38-41-67
111-40-0	203-865-4	díetýlentríamín	>0,1-1,0	C	21/22-34-43
68410-23-1		pólyamínómíð	>2,5-10,0	Xi	41
98-82-8	202-704-5	ísóprópýlbensen	>0-0,1	N, Xn	10-37-51/53-65
64742-95-6	265-199-0	hrábensínlausn (jarðolíu), létt arómatísk	>0,1-1,0	N, Xn	10-51/53-65-66-67
107-98-2	203-539-1	1-metoxý-2-própanól	>10,0-25,0		10

Texti hættu- og varnaðarsetninga er birtur í kafla 16.

3. Varúðarupplýsingar. Hættulegt heilsu

Eldfimt.

Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð.

Ertir húð.

Hætta á alvarlegum augnskaða.

Inniheldur díetýlentríamín. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

4. Skyndihjálp.

Almennt: Í öllum tilvikum, hvort sem um grun eða einkenni er að ræða, skal leita lækni. Sé viðkomandi meðvitunarlaus skal hvorki gefa honum vott né þurr.

Við innöndun: Flytjið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækniaðstoðar. Haldið hita á viðk. í hliðarlegu. Sé öndun óregluleg eða engin skal veita öndunaraðstoð og ekki

Framhald á bls. 2

láta vott né þurrt inn fyrir varir viðk. Sé viðk. meðvitundarlaus skal búa um hann í hliðarlegu þar til hjálp berst.

Snerting við húð: Fjarlægjið mettaðan fatnað. Þvoðið hörund með sápuvatni og skolið rækilega með vatni. Notið ekki leysiefni eða þynni.

Snerting við augu: Fjarlægjið snertilinsur. Haldið augnlokum uppi og skolið stöðugt með miklu hreinu vatni í minnst 10 mín. Leitið lækni aðstoðar.

Inntaka: Skolið munnhol tafarlaust og drekkið mikið vatn. Framkallið ekki uppsölur. Haldið hita á viðk. í hliðarlegu og leitið lækni aðstoðar tafarlaust.

5. Eldsvoði: Viðbrögð.

Slökkviefni - aðferð: Froða sem þolir alkahól, kolsýra, duft, vatnsúði.

Athugið: Gerið ráðstafanir til að slökkviefni renni ekki í niðurföll.

Sprautið ekki vatnsbunu á eldinn.

Skaðsemi efnis við bruna, niðurbrot þess og/eða gufu/reyks: Við bruna myndast þéttur, svartur reykur. Öndun reyks og/eða gufu getur valdið alvarlegum heilsuskaða.

Vörn: Reykgríma eða reykköfunarbúnaður getur verið nauðsynlegur.

Annað: Efni í lokuðum umbúðum nærri brunastað skal kæla.

6. Efnaleki.

Til varnar starfsmönnum: Fara skal að fyrirmælum í gr. 7 og 8. Gangið úr skugga um að ekki sé hætt á íkveikju. Loftræstið staðinn. Forðist innöndun gufu.

Til varnar umhverfi: Komið í veg fyrir að efnið renni í niðurföll, vatnskerfi eða í jarðveg. Nái efnið að renna í niðurföll skal gera viðkomandi tæknistofnun sveitarfélags viðvart án tafar. Nái efnið að renna út í jarðveg og/eða vatnskerfi skal gera Hollustuvernd viðvart.

Uppsöfnun - þrif: Notið óeldfimt uppsöfnunarefni til að binda spilliefnið, t.d. sand, mold, vikursalla eða kísilgúr. Notið þétt ílát sem hægt er að loka og fargið í samráði við Heilbrigðiseftirlit (sjá kafla 13). Þrifið með þvotta- og hreinsiefni. Notið ekki leysiefni.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Kynnið ykkur öryggisreglur sem gilda á viðkomandi vinnustað og fylgið þeim. (Mengunarmörk er að finna í reglum nr. 154/1999 frá Vinnueftirliti ríkisins.)

Til að tryggja örugga meðhöndlun: Gerið ráðstafanir til að eldfim og/eða sprengifim gufa nái ekki að myndast á geymslustað. Beitið loftræstingu þannig að þétting gufu nái aldrei uppgefnum mengunarmörkum. Forðist snertingu við hörund eða augu. Forðist innöndun gufu eða úða. Forðist innöndun reyks við slípun.

Reykingar og neyslu matar og/eða drykkjar skal banna á notkunarsvæði efnis. Persónuhlífar, sjá gr. 8.

Geymið efnið ekki þar sem það getur hitnað, ekki nærri neistagjöfum og ekki nærri opnum eldi. Notið ekki verkfæri sem mynda neista.

Efnið getur hlaðist stöðuspennu: Við meðhöndlun skal nota jarðtengdan hlífðarfatnað og ílát skal jarðtengja þegar efninu er hellt úr einu í annað. Mælt er með notkun hlífðar- og skófatnaðar sem ekki hleðst upp af stöðuspennu.

Starfsmenn sem vinna í sprautuklefa skulu nota öndunarbúnað með tilfærðu lofti undir Framhald á bls. 3

þrýstingi. Búnaðinn skal nota bæði við sprautun og eins þegar mettaðar gufur eru til staðar að sprautun lokinni.

Upplýsingar um eld- og sprengivarnir: Gufa uppleysiefnis er þyngri en andrúmsloft og flæðir því niður við gólf þar sem hún blandast lofti og af verður sprengifimt gas. Ílát skal geyma lokað á köldum vel loftræstum stað.

Geymsla: Kröfur til geymslustaðar og íláta.

Raftæki verða að vera neistavarin samkvæmt staðli þannig að þau geti ekki valdið sprengingu. Gólfefni þarf að vera leiðandi og efnafræðilega óvirkt gagnvart því efni sem geymt er.

Ílát skulu vera tryggilega lokað. Notið aldrei loftþrýsting til að tæma ílát þar sem þau eru ekki gerð til að þola yfirþrýsting.

Geymsla: Efnið geymt innan um annað efni.

Haldið fjarri oxunarefnum, sterkum bösum og sterkum sýrum.

Geymið efnið ávallt í upprunalegum eða sams konar umbúðum. Lesið leiðbeiningar á merkimiðum umbúða. Geymsla skal vera vel loftræst og gluggar byrgðir þannig að sólarljós nái ekki að hita efnið. Gera þarf ráðstafanir til að draga úr eldhættu.

Geymsluhitastig: 5 - 35 °C

Sérstök notkun: Varðandi notkun efnisins til annars en bílamálunar skal bent á tækniupplýsingablöð framleiðanda. Þau má nálgast á vefsíðunni www.glasurit.com

8. Persónuhlífar - forvarnir.

Ráðstafanir: Tryggið virka loftræstingu með útsogi þannig að loftskipti séu nægileg. Þegar metnun andrúmslofts er umfram mengunarmörk skal nota öndunargrímur.

Mengunarmörk:

CAS Nr.	Áhættuflokkur	Mörk ml/m ³ (ppm)	mg/m ³
Xylen			
1330-20-7	EU-L	50	221
1330-20-7	EU-S	100	442
Etýlbensen			
100-41-4	EU-L	100	442
	EU-S	125	884
Mesitylen			
108-67-8	EU-L	20	100
1,2,4-trimetýlbensen			
95-63-6	EU-L	20	100
1-metoxý-2-própanól			
107-98-2	EU-L	100	188
	EUL-S	150	375

Til viðbótar uppgefnum mengunarmörkum samkvæmt tilskipun 2000/39/EC skal hafa hliðsjón af mengunarmörk samkvæmt íslenskum reglum nr. 154/1999 frá Vinnueftirliti ríkisins varðandi þau efni sem skráð eru í kafla 2.

Framhald á bls.4

Persónuhlífar:

Allar persónuhlífar, þ.m.t. ferskloftsbúnaður, sem notaður er til að tryggja öryggi fólks við meðhöndlun og notkun hættulegra efna skal velja samkvæmt fyrirmælum í gildandi reglugerðum Vinnueftirlits ríkisins og einungis búnað sem samþykktur er af Vinnueftirliti.

Öndun: Sé starfsmaður á svæði þar sem efnamettun lofts er umfram mengunarmörk skal hann nota viðeigandi öndunargrímu. Nota skal A1P2-hálfgrímu sé úði í loftinu.

Hendur: Nota skal efnapolna hlífðarhanska sem standast kröfur staðals EN 374, t.d. hanskar úr flúrgúmi. Þykkt efnis í flúrgúms-hönskum skal vera 0,5 mm. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda hanska um notkunarsvið, varnargildi og endingu. Ástand hlífðarhanska skal skoða í upphafi hverrar notkunarlötu. Nýja hanska skal prófa með tilliti til þols gagnvart stöðuspennu, kemískum efnum, þoli i og styrk). Hlífðarkrem má nota á hörund sem kemst í snertingu við efnið - þó aldrei eftir að snerting hefur átt sér stað.

Augu: Hlífðargleraugu skal ávallt nota sé hættu á að efnið komist í snertingu við augu. Notið öryggisglæraugu sem falla þétt að.

Umhverfi: Upplýsingar um umhverfisvá og aðgerðir eru í köflum 7 og 12.

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form/útlit/lykt:	Vökvi, litlaus, einkennandi lykt.
Sýrustig (pH):	
Bræðslumark:	
Suðumark:	
Blossamark:	> +23°C ISO 3679
Sjálfkveikimörk:	> +200°C (leysiefni)
Sprengimörk:	> 35 g/m ³
Eldsmötun:	
Gufuþrýstingur:	
Gufuþéttni:	
Seigja:	>063/4s við 20°C ISO 2431
Rúmpyngd:	0,931 g/m ³ við 20°C.
Uppleysun:	Óuppleysanlegt í vatni.

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

Sé efnið geymt í samræmi við leiðbeiningar í gr. nr. 7 er hættu á utanaðkomandi áhrifum í lágmarki.

Hætta vegna niðurbrots:

Nái efnið að hitna geta efnahvörf átt sér stað og leitt til myndunar hættulegra efna svo sem kolsýrings, koltvísýrings, reyks og nituroxýða.

Hvað bera að forðast:

Efni sem ber að varast: Haldið fjarri mjög súrum og basískum efnum. Haldið fjarri oxunarefnum til að forðast varmamyndandi hvörf.

Hættuleg niðurbrotsefni: Nái efnið að hitna verulega geta hættuleg niðurbrots-efni myndast svo sem kolmónoxíð, koldísóxíð, reykur og nituroxíð.

11. Eiturfræðileg atriði.

Efnið er flokkað og skráð á hefðbundinn hátt samkvæmt tilskipun varðandi hættuleg efni 1999/45/EC. Sjá nánar í köflum 2 og 15.

Innöndun/snerting gufu af leysiefni umfram mengunarmörk getur valdið alvarlegum heilsuskaða svo sem á slímhúð og öndunarfærum, ertingu og áhrifum á nýru, lifur og miðtaugakerfi. Einkenni geta verið höfuðverkur, svimi, yfirlíð, máttleysi, sljófgun og meðvitunarleysi. Leysiefni geta valdið ofantöldum áhrifum með snertingu við húð þar þau komast inn í blóðrás í gegnum húðina. Endurtekin eða lengri tíma snerting getur eytt náttúrulegri fitu húðarinnar sem veldur þornun og sprungum og rýir vörn gegn utanaðkomandi efnum.

Slettist efnið í augu getur það valdið ertingu og tímabundnum skaða.

12. Almenn:

Engar niðurstöður prófana/tilrauna á þessu efni eru fyrirbyggjandi.

Skaðsemi gagnvart umhverfi. Efnið er eiturefnaflokkað samkvæmt tilskipun 1995/45/EC sem jafnframt tekur til umhverfispáttar (sjá gr. nr. 2 og 15). Gera skal ráðstafanir til að varna því að efnið geti borist í niðurföll, jarðveg og/eða vatn. Reglur um varnir gegn loftmengun geta gilt um notkun þessa efnis.

Þrávirkni og eiginleikar til niðurbrots

Lífrænt niðurbrot hættulegra efna sem skráð eru í kafla 2:

Efni og CAS Nr.	Prófunaraðferð	Lífrænt niðurbrot
n-própýlbensen		
103-65-1	OECD 301 A	Auðvelt
mesítýlen		
108-67-8	OECD 301 A	Auðvelt
1,2,4-trimetýlbensen		
95-63-6	OECD 301 A	Torvelt
Ísóprópýlenbensen	OECD 301 A	
98-82-8		Auðvelt
hrábensínlausn (jarðolíu), létt arómatísk		
64742-95-6	OECD 301 A	Auðvelt

13. Förgun.

Afgang og tæmd ílát/umbúðir skal fara með sem spilliefni og farga samkvæmt gildandi lögum og reglum Umhverfisstofnunar/viðkomandi heilbrigðiseftirlits um förgun. Þessar leiðbeiningar um förgun skal hafa til hliðsjónar. **Ávallt skal fara að íslenskum lögum og reglum eftirlitsstofnunar viðkomandi sveitarfélags um meðferð og förgun spilliefnis.**

Nýrri útgáfa spilliefnaskrár EC/2001/118 (European Waste Catalogue): Tilvísun:

08 01 11* Afgangur og spilliefni frá framleiðslu, litblöndun, dreifingu og notkun og vegna vinnslu á þornuðu lakkefni, inniheldur lífræn leysiefni og önnur hættuleg efni.

Framhald á bls. 6

Allt efni sem merkt er með stjörnu (*) skal fara með sem hættulegt spilliefni í samræmi við tilskipun 91/689/EEC um meðferð hættulegra spilliefna

Mælt er með því að tæmd ílát/umbúðir séu endurunnar eða meðhöndlaðar til endurnotkunar. Ílát sem innihalda afgang skal fara með sem spilliefni.

14. Flutningur. Staðall/reglur

Á landi: UN 1263, Málning, 3, III, ADR/RID

Sérstök flokkun/athugasemd 640 E

Nr. hættuflokks: 30

Á sjó: UN 1263, Málning, 3, III. F-E, S-E Mengunarefni í sjó.

Í lofti: UN 1263, Málning, 3, III.

Önnur atriði: Við sjóflutning gildir: Mengandi efni (Marine Pollutant) merkt: „NO CLASS 3 GOODS“ í geymum sem rúma minna en 450 lítra; ADR.

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: **Hættulegt heilsu**

Hættuflokkun:

Xn

Inniheldur:

Xýlen (blöndu ísómera)



H10 Eldfimt.

H20/21/22 Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.

H38 Ertir húð

H41 Hætta á alvarlegum augnskaða.

Merking vegna iðnaðarnota:

V23 Varist innöndun lofttegundar/reyks/gufu/úða (framleiðandi gefur upp hvað á við

V26 Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

V38 Notið öndunargrímu ef góð loftræsting er ekki fyrir hendi.

P99 Inniheldur **díetýlentríamín**, getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

Upplýsingar í samræmi við tilskipun um RLE 1999/13/EC

(RLE = Rokgjörn lífræn efni = VOC = Volatile Organoc Compound).

Rokgjörn lífræn leysiefni (RLL): 55%

Rokgjörn lífræn efni (RLE): 55%

Rokgjörn KFF-efni: á ekki við

(sjá nánar í kafla 16).

(KFF = Krabbameinsvaldur, fósturskaðvaldur, frjósemisaskaðvaldur)

Rokgjarnar GHL (halógenar): á.e.v.

(GHL = Gróðurhúsalofttegundir)

Íslensk lög eða reglur sem gilda um þessa ákveðnu vöru:

Reglugerð um flokkun eiturefna nr. 236/1990

Framhald á bls. 7

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999.
Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum nr. 765/2001.
Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980
Reglur um mengunarmörk og aðg. til að draga úr mengun á vinnustöðum nr. 154/1999.

16. Aðrar upplýsingar.

Notkun þessa efnis er einungis ætluð fagmönnum.

Tæmandi listun á hættusetningum fyrir efnin sem skráð eru í kafla 2:

H10 Eldfimt.

H11 Mjög eldfimt.

H20 Hættulegt við innöndun.

H20/21 Hættulegt við innöndun og snertingu við húð.

H22 Hættulegt við inntöku.

H34 Ætandi, veldur bruna

H36/37/38 Ertir augu, öndunarfæri og húð.

H37 Ertir öndunarfæri

H37/38 Ertir öndunarfæri og húð.

H38 Ertir húð.

H41 Hætta á alvarlegum augnskaða.

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H65 Hættulegt: Getur valdið lungnaskaða við inntöku.

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Þegar um er að ræða margar tegundir efnis í sömu sendingu skal hafa gagnablað til reiðu fyrir hvert efni.

Skýring á skammstöfunum:

EU-L „Maximum exposure limit - 8 h. (Meðalgildi höndlunartíma, hámark 8 klst. ES)

EU-S „Maximum exposure limit - 15 min. (Þakgildi höndlunartíma, hámark 15 mín. ES)

Upplýsingar í þessum öryggisleiðbeiningum byggjast á þekkingu okkar á þeim tíma sem þær eru samdar og þágildandi lögum viðkomandi þjóðar og ES (EU). Vöruna skal ekki nota til annars en þess sem tiltekið er í kafla 1 nema að áðurfengnum skriflegum notkunarleiðbeiningum. Undir öllum kringumstæðum og við allar aðstæður er það á ábyrgð notanda vörunnar að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja skilyrðum og reglum viðkomandi laga og öryggisreglna vinnustaðar til að tryggja öryggi í meðferð og notkun vörunnar. Tilgangur upplýsinga í þessu skjali er sá að lýsa öryggiskröfum sem gerðar eru varðandi þessa vöru okkar: Þær ber ekki að skilja eða túlka sem tryggingu fyrir eiginleikum viðkomandi vöru eða yfirlýsingu um eiginleika hennar.

Upplýsingar á þessu gagnablaði eru ætlaðar þeim sem nota efnið í iðnaði eða öðrum atvinnurekstri.

Dags. Útgáfu: Síðasta endurskoðun 09/05/06. Prentun 10/05/06.

Frumheimild: Glasurit MSDS SC65-0560 0101. BSF Coatings AG.

Þýðing: Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélátæknifræðingur Reykjanessbæ. 05/06

Útgefandi íslenskrar þýðingar: Bílanaust hf. Bíldshöfða 9, 110 Reykjavík.